



## Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

júní 2022

### Kæru viðtakendur!

Í þessu Fréttabréfi AkureyrarAkademíunnar er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í apríl sl.

Góðar stundir í sumar!

### Viðhorfskönnun á aðstöðu og þjónustu

Einn liður í stefnu AkAk er að leggja fyrir árlega könnun meðal þeirra sem leigja vinnuaðstöðu þar sem spurt er um viðhorf til aðstöðu og þjónustu hjá AkAk. Markmiðið er að greina starfsemina og að nota niðurstöðurnar til að gera úrbætur. Könnunin var lögð fyrir í byrjun apríl sl. og var leitað til þeirra sem hafa verið með vinnuaðstöðu hjá AkAk á þessu og síðasta ári um að svara henni og var þátttakan um 70%. Niðurstöðurnar voru kynntar á ársfundi AkAk 24. maí sl. og sýna þær almenna ánægju með aðstöðu og þjónustu hjá AkAk og þar koma fram gagnlegar vísbendingar um á hvaða sviðum þurfi að skerpa á áherslum, svo sem varðandi ýmis konar búnað.

### Hádegisfundur AkAk og Háskólans á Akureyri

Þann 17. maí sl. stóðu AkAk og HA fyrir opnum umræðufundi um vísindasamfélagið á Akureyri og hvernig megi efla það ennfrekar.

Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur fjallaði um 15 ára rannsóknarsögu AkAk sem stuðlað hefur að uppbyggingu þekkingarsamfélags hér í bænum og á Norðurlandi. Eyjólfur Guðmundsson rektor HA ræddi um umhverfi og aðstöðu fyrir rannsóknir og fræðastarf á Akureyri en starfsemi HA gegnir þar lykilhlutverki.

Eftir erindin fóru fram almennar umræður um hvernig megi efla Akureyri sem eftirsóknarverðan kost fyrir vísinda- og fræðafólk til að koma þangað og starfa að sínum rannsóknum og hvað þurfi að gera til að búa í haginn fyrir öflugt vísindalíf hér í bænum. Í umræðunum var samhljómur um að koma þyrfti vísindasamfélaginu á Akureyri betur á kortið til að fá fleira fólk norður til að stunda sínar rannsóknir og fræðastörf.

Þessi fundur verður vonandi upptaktur að víðtækara samtali margra um að efla vísindasamfélagið hér norðan heiða. Við hjá AkAk höfum þar margt fram að færa og hlökkum til áframhaldandi samtals.

## Ársfundur 2022

Á ársfundi AkAk 24. maí sl. var kosið í stjórn og fulltrúaráð fyrir næsta starfsár. Í stjórn eru Sigurgeir Guðjónsson formaður, Þórhallur S. Bjarnason gjaldkeri og Steinunn A. Ólafsdóttir ritari. Í fulltrúaráði eru Gunnar Árnason, Jakob Þór Kristjánsson, Jón Hjaltason og Margrét Guðmundsdóttir.

Fjármál og rekstur AkAk gengu vel á liðnu starfsári og sýnir ársreikningur 2021 jafnvægi í rekstri. Niðurstaða rekstraráætlunar AkAk fyrir sama ár er innan þeirra marka sem settar voru um tekjur og gjöld og í rekstraráætlun fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að reksturinn skili áfram jákvæðri afkomu.

Verkefni sem hæst bar í starfi AkAk á liðnu starfsári er aukin miðlun upplýsinga um starfsemina á vettvangi AkAk. Þar á meðal er skýrsla sem tekin var saman í tilefni af 15 ára afmæli AkAk á árinu 2021 sem inniheldur yfirlit yfir öll verk sem einstaklingar hafa unnið að hjá AkAk og viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir frá upphafi. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir vegna kórónufaraldursins stóran hluta starfsársins þá tókst engu að síður að auka innra starf á vettvangi AkAk á nýjan leik og einnig ytra samstarf við ýmsa aðila og viðburðahald fyrir almenning. Kórónufaraldurinn hefur hins vegar leitt til þess að minni nýting er á vinnuaðstöðu hjá AkAk á árinu 2021 en undanfarin ár. Við hjá AkAk erum samt fullviss um að hægt verði að snúa þeirri stöðu við og auka nýliðun í innanhúss- og félagahópnum þegar kemur fram á þetta ár.

Fundargögn ársfundarins eru aðgengileg á heimasíðu AkAk undir [Skjalasafn](#). AkAk þakkar öllum sem komið hafa að starfsemi stofnunarinnar á starfsárinu fyrir þeirra framlag og ánægjulegt samstarf.

## Heilsugæslan á Akureyri flytur í Sunnuhlíð

Sl. haust greindi fasteignafélagið Reginn ehf. sem á meirihluta húsnæðis í Sunnuhlíð 12 öðrum eigendum í húsinu frá viðræðum félagsins við Framkvæmdasýslu ríkisins um að norðurstöð heilsugæslunnar á Akureyri fengi aðsetur á allri 2. hæðinni og í nýrri viðbyggingu sem reist yrði norðan megin við aðalhúsið. Í kjölfar kynningarfunda um þessi áform ákváðu aðrir eigendur í húsinu að standa ekki í vegi fyrir því að Reginn færi í þessar viðræður og veittu til þessa skriflega heimild. Einnig var kveðið á um ef að viðræðurnar leiddu til þeirrar niðurstöðu að heilsugæslunni yrði fundinn samastaður í Sunnuhlíð þá myndi Reginn semja við aðra eigendur um að kaupa hluta af sameign hvers þeirra í húsinu og á lóð til að koma heilsugæslunni fyrir. Þegar ljóst var að heilsugæslan myndi fá aðsetur í Sunnuhlíð ákvað stjórn AkAk, sem og aðrir eigendur í húsinu, að hefja viðræður við Reginn ehf. um þessi kaup og var gengið frá samningum um þau fyrir skömmu. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist þegar kemur fram á þetta sumar og að þeim ljúki haustið 2023. Þessi mál voru rædd á nýlegum ársfundi AkAk.

## Fyrirlestur fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Annar fyrirlestur í fyrirlestraröð AkAk á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa fór fram 27. maí sl. en þá var Rannveig Karlsdóttir kennari og þjóðfræðingur með fyrirlestur á Lögmannshlíð um ævi og störf brautryðjandans og kvenskörungsins Jóninnu Sigurðardóttur (1879-1962) húsmæðrakennara. Jóninna bjó mestan hluta ævi sinnar á Akureyri og var landsþekkt fyrir störf sín að eflingu húsmæðramenntunar og þekkingu almennings á matargerð og húshaldi. Um 30 til 40 manns komu saman í salnum á Lögmannshlíð og hlýddu á skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur um ævi og störf þessarar merku konu. Næstu tveir fyrirlestrar verða haldnir í haust. Norðurorka hf. styrkir fyrirlestraröðina.

## **Laus vinnuaðstaða**

Nú sem stendur er laus vinnuaðstaða hjá AkAk og er áhugasömum bent á að setja sig í samband við framkvæmdastjóra. Innifalið í sanngjörnu mánaðargjaldi er nettenging, aðgangur að prentara, skanna og hefðbundnum skrifstofuvörum, fundarsal, kaffi- og mataraðstöðu - og frábær félagsskapur.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang [www.akak.is](http://www.akak.is)  
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir [adalheidur.steingrimsdottir@akak.is](mailto:adalheidur.steingrimsdottir@akak.is)